

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 9/2014**

2014/EES/42/07

**frá 14. febrúar 2014**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB <sup>(1)</sup>.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012 fellur úr gildi tilskipun ráðsins 87/95/EEB <sup>(2)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/16/EB) í III. kafla:  
„– **32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).“
2. Eftirfarandi bætist við í 6. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/105/EB) og lið 6a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/23/EB) í VIII. kafla:  
„eins og henni var breytt með:  
– **32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).“
3. Eftirfarandi bætist við í 27. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/23/EB) í IX. kafla:  
„eins og henni var breytt með:  
– **32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 27b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB) í IX. kafla:  
„– **32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).“
5. Eftirfarandi bætist við í lið 7a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB) í X. kafla:  
„eins og henni var breytt með:  
– **32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).“
6. Texti 2. liðar (ákvörðun ráðsins 87/95/EBE) í XVIII. kafla falli brott.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 36, 7.2.1987, bls. 31.

7. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB) í XIX. kafla:  
„– **32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).“
8. Texti 2. liðar (fallinn brott) í XIX. kafla hljóði svo:  
„**32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).  
Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:  
Orðin „37. gr. EES-samningsins“ komi í stað orðanna „57. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ í 7. mgr. 2. gr.“
9. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/686/EBE) í XXII. kafla:  
„– **32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).“
10. Eftirfarandi bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 93/15/EBE) og 4. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/23/EB) í XXIX. kafla:  
„eins og henni var breytt með:  
– **32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).“
11. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/25/EB) í XXXI. kafla:  
„– **32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

(\* ) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.